

## ☒ Re: Móttökusvæði úrgangsefna í Vestmannaeyjum - Kynning á deiliskipulagi

Búið til	9.10.2020 15:54:13
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	9.10.2020 15:54:12
Tilheyrir	📁 202009-0031 - Móttökusvæði úrgangsefna í Vestmannaeyjum - Kynning á deildiskipulagi

### Efni

Re: Móttökusvæði úrgangsefna í Vestmannaeyjum - Kynning á deiliskipulagi

### Upplýsingar

Sent	9.10.2020 15:54:12	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Vinnsla

### Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is

### Innihald

Tilvísun í málsnr. 202009-0031 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Vestmannaeyjabæ, dags. 16. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir móttökustöð úrgangsefna. Móttökustöðin er hluti af móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð sem er nú í mati á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tillögu að deiliskipulagi og telur það vera í samræmi við það sem hefur komið fram í frummatsskýrslu um framangreinda móttöku-, brennslu- og orkunýtingarstöð. Stofnunin gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)



**From:** "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>  
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>  
**CC:**  
**Subject:** Móttökusvæði úrgangsefna í Vestmannaeyjum - Kynning á deiliskipulagi  
**Date:** 16.9.2020 11:34:45

Ágæti viðtakandi,

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur samþykkt að kynna tillögu að deiliskipulagi skv. 40. gr. laga nr. 123/2010. Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir móttökustöð úrgangsefna á svæði I-1. Skipulagstillagan er nú kynnt fyrir hagsmunaaðilum, umsagnaraðilum og almenningi.

Það er stefna Vestmannaeyjabæjar að draga úr myndun úrgangs og stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu hans eins og kostur er. Með því má draga úr þörf fyrir förgun á úrgangi. Meðhöndlun úrgangs er flókið ferli, sem felur í sér söfnun, flutning, flokkun, endurnýtingu, endurvinnslu og svo og förgun þess úrgangs sem nýtist ekki.

Umsögnum er hægt að skila á netfang skipulagsfulltúra dagny@vestmannaeyjar.i (mailto:dagny@vestmannaeyjar.i) eða bréflaga til umhverfis-og framkvæmdasviðs Skildingavegi 5, 900 Vestmannaeyjum. Umsagnir skulu berist í síðasta lagi 9. okt. n.k.

-Meðfylgjandi er greinargerð og skipulagsuppráttur

Kær kveðja, Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi Vestmannaeyja

## Viðhengi

image001.gif (2 KB)

image001.gif (2 KB)